

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 181/2023

frá 5. júlí 2023

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdaráð um samræmingu almannatryggingakerfa - Ákvörðun nr. H13 frá 30. mars 2022 um skipan og starfshætti endurskoðunarnefndar framkvæmdaráðs um samræmingu almannatryggingakerfa ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun nr. H13 kemur í stað ákvörðunar nr. H4 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella hana brott úr samningnum.
- 3) VI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Viðauka VI. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 3.H12 (ákvörðun nr. H12):

„3.H13 **32022 D 0810(01)**: Framkvæmdaráð um samræmingu almannatryggingakerfa - Ákvörðun nr. H13 frá 30. mars 2022 um skipan og starfshætti endurskoðunarnefndar framkvæmdaráðs um samræmingu almannatryggingakerfa (Stjtid. ESB C 305, 10.8.2022, bls. 4).“

2. Texti liðar 3.H4 (ákvörðun nr. H4) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar nr. H13, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

⁽¹⁾ Stjtid. ESB C 305, 10.8.2022, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtid. ESB C 107, 27.4.2010, bls. 3.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. júlí 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. júlí 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.